



Samstarfssamningur Unglingalandsmót UMFÍ 2020 á Selfossi

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), Sveitarfélagið Árborg og Héradssambandið Skarphéðinn (HSK) gera með sér eftirfarandi starfssamning um Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina 2020 á Selfossi. (sjá viðauka I)

1. grein. Forsendur

Samstarfssamningurinn er grundvöllur þess hvernig aðilar samningsins munu koma að undirbúningi og framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ. Markmiðið er að skilgreina þætti allra aðila. Gengið er út frá því að Árborg leggi til mannvirki og aðstöðu, UMFÍ beri ábyrgð á innihaldi mótsins og HSK sjái um framkvæmd þess.

Í samningnum kemur einnig fram hvernig fjárhagsleg aðkoma aðila verður að mótshaldinu.

Mótið er 22. Unglingalandsmótið frá upphafi og fer mótið fram um verslunarmannahelgina 2020 á Selfossi. Mótssetning er á föstudagskvöldi og mótsslit á sunnudegi.

2. grein. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Unglingalandsmót UMFÍ 2020 býður upp á fjölbreyttar keppnisgreinar.
- Unglingalandsmót UMFÍ 2020 hvetur fólk til að prófa nýjar möguleika varðandi hreyfingu.
- Fjárhagsáætlun Unglingalandsmóts UMFÍ 2020 skal standast.
- Unglingalandsmót UMFÍ 2020 skal hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

3. grein. Skipulag

Unglingalandsmót UMFÍ 2020 er skipulagt með eftirfarandi hætti:

- Skipuð er landsmótsnefnd sem samanstendur af a.m.k. sjö fulltrúum. Gæta skal kynjajafnvægis við skipun nefndarinnar. Landsmótsnefndin er æðsta vald mótsins.
- UMFÍ tilnefnir a.m.k. tvo fulltrúa í nefndina, Árborg tilnefnir a.m.k. tvo fulltrúa og HSK tilnefnir a.m.k. þrjá fulltrúa. A.m.k. einn fulltrúi frá HSK skal vera fulltrúi ungmenna í nefndinni
- Framkvæmdastjóri mótsins og formaður landsmótsnefndar stýra starfi nefndarinnar.
- Nefndin skiptir með sér verkum eftir skipulagi frá UMFÍ þar sem hver aðili hefur ákveðið verksvið og ábyrgð. (sjá viðauka II).



UMFÍ



- Skráning hefst mánuði fyrir mót og fer fram rafrænum hætti í gegnum heimasíðu mótsins.

4. grein. Fjármál

- Samningsaðilar munu allir koma að því að fjármagna mótið og vinna að öflun samstarfsaðila í góðu samráði við framkvæmdastjóra mótsins.
- Stofnaður verður sérstakur reikningur á kennitölu UMFÍ sem gjaldkeri mótsins og starfsmaður UMFÍ hafa prókúru að.
- Reikningar eru greiddir af þeim sem prókúru hafa en bókfærðir á skrifstofu UMFÍ.
- Allar skráningar og greiðslur á mótsgjaldi eru gerðar í gegnum skráningarkerfi UMFÍ.
- Verði hagnaður af mótinu rennur hann óskiptur til móthaldara. Verði tap á mótinu ber mótshaldari það óskipt. Eigi síðan en 3 mánuðum eftir mótlok skulu UMFÍ og mótshaldari halda lokafund þar sem farið er yfir framkvæmd mótins og afkomu þess. Séu til staðar útistandandi ágreiningsmál milli UMFÍ og mótshaldara skulu þau leyst á þessum fundi eða komið í sáttafærlí.
- UMFÍ er heimilt að halda eftir allt að 1.500 þús. kr. af innborguðum tekjum þar til lokafundur hefur farið fram.

5. grein. Ábyrgðarsvið

Sveitarfélagið Árborg:

- Lætur í té endurgjaldslaust afnot af mannvirkjum sem nefndin falast eftir fyrir keppni eða aðra starfsemi landsmótsdagana. Aðgengi að stjórnstöð skal þó vera viku fyrir mót. Ef sveitarfélagið hefur ekki full yfirráð yfir viðkomandi mannvirki munu bæjaryfirvöld ganga til samninga við viðkomandi aðila.
- Sér til þess að starfsfólk verði við öll mannvirki sem nota þarf á mótinu og greiðir þeim laun meðan á mótinu stendur ef samningar segja svo til um.
- Leggur til endurgjaldslaust öll áhöld og tæki sem þarf til keppni á mótinu.
- Leggur til endurgjaldslaust hljóðkerfi á öll keppnissvæði, mótssetningu og mótsslit, sé þess óskað.
- Lætur í té nægt tjaldsvæði fyrir gesti mótsins þeim að kostnaðarlausu. Svæðið verður með snyrtingum, samkvæmt úttekt heilbrigðiseftirlits, rennandi vatni, vöskum og aðgengi að rafmagni. Gestir greiða fyrir afnot af rafmagni. Tryggir þrif á snyrtingum alla mótsdagana og greiðir allan kostnað sem því fylgir.
- Aðstoðar Unglingalandsmótsnefnd í ýmsum verkum í aðdraganda mótsins samkvæmt nánara samkomulagi.
- Sækir um styrk í uppbyggingarsjóð Landsmóta hjá Menntamálaráðuneytinu að höfðu samráði við UMFÍ.

UMFÍ



UMFÍ



- Stjórn UMFÍ úthlutar mótinu til HSK
- Leggur til framkvæmdastjóra mótsins og greiðir allan kostnað sem því fylgir.
- Leggur fram drög að dagskrá mótsins og fjárhagsáætlun.
- Leggur til skráninga- og úrslitakerfi fyrir mótið.
- Leggur til ýmsan búnað varðandi mótahaldið s.s. dreifikerfi rafmagns inni á tjaldsvæðinu, fánaborgir, fána, starfsmannavesti o.fl.
- Sér um kynningarmál mótsins, auglýsingar og markaðssetningu. Mótið er auglýst í nafni UMFÍ og mótshaldara. UMFÍ er heimilt að setja upp auglýsingar og kynningarefni frá aðalsamstarfsaðilum sínum á mótssvæðinu eða í tengslum við mótið án þess að greitt sé sérstaklega fyrir það.
- Ræður verkefnastjórar mótsins og greiðir allan kostnað sem því fylgir.
- Veitir leiðbeinandi aðstoð og fyrirgreiðslu um allan undirbúning og tilhögun mótsins.
- Færir bókhald mótsins.

HSK

- Er mótshaldari Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2020.
- Tryggir sjálfbóðaliða til mótahaldsins, á mótssetningu og mótsslit, ásamt öðrum verkþáttum sem þarf að manna í tengslum við mótið.
- Tryggir sjálfbóðaliða til gæslustarfa ef þörf krefur.
- Annast innheimtu mótsgjalds á mótssstað hjá þeim sem ekki hafa gengið frá greiðslu rafrænt.

Landsmótsnefnd

- Ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ 2020, í samræmi við reglugerð UMFÍ um Unglingalandsmót UMFÍ.
- Leggur fram endanlega fjárhagsáætlun mótsins og ber ábyrgð á henni.
- Leggur fram endanlega dagskrá og ber ábyrgð á henni.
- Greiðir allan kostnað við skemmtanatjald.
- Greiðir kostnað við hljóðkerfi og svið vegna skemmtana.
- Hefur ein leyfi til veitingasölu á mótssvæðinu. Nefndin hefur umboð til að framselja veitingasölu.
- Tryggir að verkferlar varðandi öryggismál séu til staðar.

6. grein.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóma eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki.



UMFÍ



Verði ágreiningur í landsmótsnefnd eða á milli samningsaðila skal skipa þriggja manna nefnd til að leysa ágreininginn. Stjórn UMFÍ tilnefnir formann UMFÍ, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. HSK tilnefnir einn og Árborg tilnefnir einn.

Með samningi þessum fylgja fjórir viðaukar;

I – Viðauki; Reglugerð mótsins

II – Viðauki; Hlutverk og verkaskipting landsmótsnefndar

III – Viðauki; Hlutverk sérgreinastjóra

IV – Viðauki; Starfsmenn mótsins og hlutverk

Staður og dagssetning

F.h. Ungmennafélags Íslands
Formaður UMFÍ

F.h. Árborgar
Bæjarstjóri

F.h. Héraðssambandsins Skarphéðins
Formaður HSK

Vottar (2)



UMFÍ



(Viðauki I)

Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ

1. Almenn t um mótið.

1.1. Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátíð sem haldin skal árlega um ver slunar manna-helgina. Kappkosta skal að bjóða keppendum upp á fjölbreyttar íþróttagreinar, þeim og fjölskyldum þeirra upp á góðar aðstæður, heilbrigða afþreyingu og skemmtun við sem flestra hæfi.

1.2. Markmið með mótinu er að ná til sem flestra ungmenna og stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum og efla félagslega samkennd þeirra með heiðarleika, tillitsemi og leikgleði að leiðarljósi. Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta landsmótsins. Gildi UMFÍ skulu höfð að leiðarljósi á mótinu og áhersla lögð á háttvísi, raunsæi og tillitsemi.

1.3. Mótshaldari skal kappkosta að halda virðingu og hátíðleika á setningu og slitum sem séu miðaðar við unglunga, sem og önnur dagskrá mótanna. Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta mótsins.

2. Umsókn og undirbúningur

2.1. Stjórn UMFÍ skal auglýsa eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að halda unglungalandsmót. Sambandsaðilar UMFÍ sem áhuga hafa, skulu senda umsókn sína til stjórnar UMFÍ. Í umsókn skal tilgreina þær íþróttagreinar sem mótshaldari vill láta keppa í, með umsókn skal fylgja umsögn sveitarstjórnar á væntanlegum mótsstað og aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að gagni geta komið við mat umsóknar.

2.2. Þegar stjórn UMFÍ hefur ákveðið mótshaldara unglungalandsmóts skal hún tilkynna viðkomandi sambandsaðila og öðrum umsækjendum ákvörðun sína með formlegum hætti.

2.3. Gera skal skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess við framkvæmdaaðila og sveitarfélag.

2.4. UMFÍ komi sterkt að yfirbragði mótanna og fjármögnun þeirra. UMFÍ leggur til framkvæmdastjóra og verkefnastjóra á sinn kostnað. Þá skal þing UMFÍ ákveða fjárstyrk til mótshaldara til kynningar á mótinu, sem verði á ábyrgð mótshaldarans.

2.5. Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sem sér um undirbúning og framkvæmd mótsins. Nefndin skal skipuð af mótshaldara, og skulu viðkomandi sveitarfélagi og stjórn UMFÍ tilnefna fulltrúa í nefndina.

3. Þátttaka og skráning



UMFÍ



3.1. Unglingalandsmót UMFÍ skal fara fram um verslunarmannahelgi ár hvert. Mótið standi í þrjú til fjóra daga, og skal því ljúka á sunnudegi. Setning mótsins fram á föstudagskvöldi og skal því slitið á sunnudagskvöldi.

3.2. Rétt til þátttöku eiga öll ungmenni á aldrinum 11 – 18 ára á almanaksárinu. Þátttakendur skulu skrá sig sem einstaklingar og undir nafni viðkomandi héraðssambands eða íþróttabandalags ef kostur er. Mótshaldari skal leitast við að skrá keppendur í rétt héraðssamband eða íþróttabandalag miðað við bestu fyrirbyggjandi upplýsingar.

3.3. Engin takmörk eru sett á keppendafjölda frá hverju héraðssambandi/ íþróttabandalagi, né heldur á fjölda þáttökugreina einstaklings. Mótshaldara skal þó heimil takmörkun á þátttöku í einstökum greinum ef aðstæður krefjast þess.

3.4. Skráningu þátttakenda lýkur um miðnætti síðasta sunnudag fyrir mót. Mótshaldari skal þó gera allt sem mögulegt er til að sem flestir geti tekið þátt.

4. Þáttökugjald

4.1. Þáttökugjald skal ákveðið af þingi UMFÍ.

4.2. Þáttökugjald skal greiðast við skráningu.

5. Um mótið

5.1. Kappkosta skal að bjóða öllum keppnisgreinum upp á sem bestar aðstæður til keppni og leitast við að bjóða keppendum og gestum þeirra upp á sem besta aðstöðu til dvalar og afþreyingar á mótinu.

5.2. Í upphafi móts skal halda fund fararstjóra, mótsstjórnar og sérgreinastjóra. Mótshaldari auglýsir fundarstað og tíma.

5.3. Hver sambandsaðili/íþróttabandalag sem tekur þátt í mótinu skal tilnefna fararstjóra. Þá skal hver sambandsaðili / íþróttabandalag tilnefna tjaldbúðastjóra sem er forsenda fyrir því að viðkomandi aðili fái úthlutað svæði á tjaldevæði keppenda. Tilkynna skal mótshaldara um nafn/nöfn viðkomandi eigi síðar en 5 dögum fyrir mót.

5.4. Mótshaldari skal sjá um ytri gæslu á keppendatjaldevæðum en setja gestum reglur um umgengni sem tjaldbúðastjórar skulu sjá um að framfylgja hjá sínum þátttakendum.

5.5. Íþróttaleikar fyrir börn 10 ára og yngri skal vera hluti af afþreyingardagskrá mótsins þar sem allir fá viðurkenningu fyrir þátttöku án þess að um keppni sé að ræða.

6. Íþróttakeppnin



UMFÍ



6.1. Ætíð skal keppt í glímu, frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfubolta og sundi á mótunum. Mótshaldari ákveður síðan hvaða greinar til viðbótar verða keppnisgreinar á mótinu.

6.2. Mótshaldari skal tilkynna UMFÍ, sambandsaðilum og íþróttabandalögum hvaða keppnisgreinar verði á mótinu eigi síðar en fyrir 1. janúar á mótsári. Keppni skal ekki fella niður nema enginn skrái sig til leiks eða ófyrirsjáanleg atvik komi upp.

6.3. Mótshaldari skal sjá til þess að keppnisaðstaða í öllum keppnisgreinum sé eins og best verður á kosið í samræmi við [reglur UMFÍ um staðarval landsmóta].

6.4. Keppt skal eftir leikreglum og aldursflokkaskiptingu viðkomandi sérsambands og starfsíþróttaráðs UMFÍ. Mótshaldari hefur heimild til frávika að því er varðar stærð leikvalla, fjölda keppenda og lengd viðureigna, ef aðstæður krefjast þess. Þá eru aldursmörk mótsins eru ófrávíkjanleg og gilda fyrir einstaklinga, óháð reglum sérsambanda.

6.5. Endanleg tímasetning keppnisgreina skal liggja fyrir kvöldið fyrir mótsbyrjun. Tímaseðill keppnis-greina skal liggja fyrir eigi síðar en kvöldið fyrir keppni.

6.6. Þrír fyrstu í hverri einstaklingsgrein hljóta verðlaun svo og einstaklingar í þremur fyrstu liðunum í flokkakeppni en því er beint til mótshaldara að stilla verðlaunaafhendingum í hóf.

6.7. Ekki skal reikna út heildarstig á mótinu.

6.8. Keppendur geta aðeins keppt með einu liði í hverri íþróttgrein á mótinu. Ef keppandi verður uppvís að leika með öðru liði en sínu skal lið það sem hann lék ólöglega með tapa viðkomandi viðureign. Í riðlakeppni er þó heimilt að fá lánaðan leikmann úr öðru liði með fyrirfram samþykki mótherja og skal dómari leiksins staðfesta það fyrir leik.

7. Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ

7.1. Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ er afhentur á mótsslitum til þess héraðssambands eða íþróttabandalags sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu innan sem utan keppni.

7.2. Mótshaldari skipar þriggja manna dómnefnd sem velja skal það héraðssamband/íþróttabandalag sem hlýtur bikarinn og skal UMFÍ tilnefnda einn fulltrúa í dómnefnd.

7.3. Sérstök reglugerð er um Fyrirmyndarbikarinn sem segir til um hvað fyrirmyndarfélagið þarf að uppfylla til að hljóta bikarinn.

8. Dómnefnd



UMFÍ



8.1. Áður en keppni hefst skal stjórn UMFÍ skipa þriggja manna dómnefnd, þar af einn sem er til-nefndur af unglíngalandsmótsnefnd. Nefndin skal fjalla um öll deilumál sem upp koma fyrir keppni eða í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands. Kærur skulu vera skriflegar og undirritaðar af fyrirliða og fararstjóra og berast mótsstjórn eigi síðar en einni klukkustund eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. Fulltrúi kæranda skal vera viðstaddur meðferð málsins og fulltrúi kærða skal eiga þess kost. Úrskurði dómnefndar verður ekki áfrýjað.

Samþykkt á 48.sambandsþingi UMFÍ 2013 í Stykkishólmi



UMFÍ



(Viðauki II)

Unglingalandsmótsnefnd og verkaskipting

Unglingalandsmótsnefnd 2020 er skipuð fulltrúum frá eftirtöldum aðilum:

- HSK (mótshaldara)
- Árborg (sveitarfélag)
- UMFÍ

Unglingalandsmótsnefnd:

Formaður:

Ritari:

Gjaldkeri:

Keppnisstjóri:

Tjaldbúðastjóri:

Öryggisstjóri:

Svæðisstjóri:

Afþreyingarstjóri:

Þjónustu- og veitingastjóri:

Starfsmannastjóri:

Framkvæmdastjóri: Ómar Bragi Stefánsson

Verkefnastjóri:

Verkaskipting og hlutverk nefndarmanna:

- Allir nefndarmenn taka þátt í umræðu um öll verkefni sem inn á borð nefndarinnar koma.
- Hver nefndarmaður hefur eitt atkvæði, komi til atkvæðagreiðslu í nefndinni.
- Allir nefndarmenn eru sjálfboðaliðar.
- Óskað er eftir því að nefndarmenn halda utan um sína vinnu og þann fjölda vinnustunda sem þeir inna að hendi.

Formaður:

- Boðar fundi unglingalandsmótsnefndar ásamt framkvæmdastjóra.
- Setur saman dagskrá fundanna ásamt framkvæmdastjóra.
- Stýrir fundum unglingalandsmótsnefndar.
- Er talsmaður nefndarinnar ásamt framkvæmdastjóra.
- Hefur heildaryfirsýn yfir vinnu nefndarmanna.
- Hefur heildaryfirsýn yfir dagskrá mótsins.

Ritari:

- Ritar fundargerðir unglingalandsmótsnefndarinnar.



UMFÍ



- Sendir út fundargerðir til fundarmanna.
- Heldur utan um allar fundargerðir og skilar þeim til framkvæmdastjóra á tölvutæku formi að loknum síðasta fundi nefndarinnar.

Gjaldkeri:

- Vinnur fjárhagsáætlun með framkvæmdastjóra mótsins.
- Uppfærir fjárhagsáætlunina og sér til þess að hún sé haldin.
- Heldur utan um öll fjármál unglíngalandsmótsins ásamt starfsmanni UMFÍ.
- Upplýsir nefndarmenn um fjárhagslega stöðu.
- Hefur prókúru að reikningi mótsins ásamt starfsmanni UMFÍ.
- Heldur m.a. utan um móttöku keppenda, afhendingu gagna og innheimtu keppnisgjalda ásamt aðstoðarfólki.
- Sendir út greiðsluseðla vegna auglýsinga og fylgir innheimtu eftir ásamt starfsmanni UMFÍ.
- Greiðir reikninga ásamt starfsmanni UMFÍ.

Keppnisstjóri:

- Heldur utan um alla keppni á Unglíngalandsmóttinu.
- Hefur yfirsýn yfir allar keppnisgreinar og keppnissvæði.
- Vinnur með sérgreinastjórum að skipulagi hvernar keppnisgreinar.
- Fer yfir keppnissvæðin með sérgreinastjórum og sér til þess að öll keppnissvæðin uppfylli reglur vegna keppninnar.

Tjaldbúðastjóri:

- Heldur utan um heildarskipulag tjaldsvæðisins.
- Verður í sambandi við tjaldbúðastjóra keppnisliða.
- Raðar þátttökuliðum niður á tjaldsvæðið.
- Sér til að svæðið verði merkt með nöfnum þátttökuliða.
- Sér til að svæðið verði hólfað niður fyrir þátttökuliðin.
- Sér til að rafmagnsmál á tjaldsvæðinu verði eins og nefndin leggur til.
- Sér til að snyrtingum á tjaldsvæðinu verði komið upp samkv. samningi.
- Skipuleggur öryggisgæslu á tjaldsvæðinu ásamt öryggisstjóra.
- Semur tjaldbúðareglur ásamt framkvæmdastjóra.

Öryggisstjóri:

- Skipuleggur öryggisgæslu á tjaldsvæðinu ásamt tjaldbúða- og framkvæmdastjóra.
- Skipuleggur öryggisgæslu á keppnissvæðum ásamt framkvæmdastjóra.
- Sér til þess að björgunarsveit sinni sínu hlutverki.
- Upplýsir og samræmir ásamt framkvæmdastjóra hlutverk lögreglu, heilsugæslu, sjúkraflutningsaðila og björgunarsveitar.



UMFÍ



Svæðisstjóri:

- Sér um að setja upp auglýsingaskilti og fána á keppnissvæðunum.
- Sér um að merkja keppnissvæðin með þar til útbúnum skiltum.
- Sér um að koma fyrir fánaborgum á fyrirfram ákveðna staði og flagga.
- Sér um að koma fyrir um 38 fánastöngum á íþróttaleikvanginn og flagga.
- Sér um að koma eldstæðinu fyrir.
- Gengur frá að loknu móti.

Afþreyingarstjóri:

- Unglingalandsmótsnefnd ákveður endanlega hvernig afþreyingardagskrá verður.
- Afþreyingarstjóri kemur með tillögu að heildarskipulagi afþreyingardagskrár sem hann vinnur með framkvæmda- og verkefnastjóra.
- Mikilvægt er að vinna vel með unglingaráði og hlusta á hugmyndir þeirra.
- Afþreyingarstjóri hefur síðan ábyrgð og umsjón með allri afþreyingardagskránni og sér til þess að hún fari fram samkvæmt fyrirfram ákveðnu og auglýstu tímaplani.

Þjónustu- og veitingastjóri:

- Unglingalandsmótsnefnd ákveður hvernig staðið skal að veitingasölu á mótinu, hverjir fá að selja, hvaða vörur og hvar.
- Unglingalandsmótsnefnd ákveður skiptingu tekna og hvernig sölu verður háttáð.
- Veitinga- og þjónustustjóri heldur utan um allt skipulag er varðar veitingasölu á mótinu.
- Veitinga- og þjónustustjóri sér um skipulag og framkvæmd veitingaþjónustu til starfsmanna mótsins yfir keppnisdagana.
- Veitinga- og þjónustustjóri vinnur í því að þjónusta sé sem best við mótsgesti frá þjónustuaðilum bæjarins.

Starfsmannastjóri:

- Hlutverk starfsmannastjóra er að fá sjálfboðaliða til starfa í öll þau störf er þarf að sinna.
- Hann heldur utan um tímafjölda starfsmanna eins og kostur er.

(Viðauki III)

Sérgreinastjórar



UMFÍ



Hver keppnisgrein hefur einn eða fleiri sérgreinastjóra. Sérgreinastjórar eru ábyrgir fyrir „sinni keppnisgrein, undirbúningi og framkvæmd. Þeir bera ábyrgð á að keppni í viðkomandi grein fari fram á tilsettum tíma og samkvæmt útgefinni tímatöflu.

- UMFÍ ákveður helstu leikreglur keppnisgreina og kynnir þær fyrir sérgreinastjórum.
- Sérgreinastjórar setja upp reglur og fyrirkomulag sinnar keppni og skal það liggja fyrir eigi síðar en 1.maí 2020 (framkvæmdastjóri fer yfir þessa vinnu með öllum sérgreinastjórum).
- Sérgreinastjórar tryggja að nægur mannskapur sé við hverja keppnisgrein, dómarar og aðrir starfsmenn.
- Sérgreinastjórar sjá til þess að eingöngu þeir sem eru með þátttökuarmbönd fái að keppa á mótinu.
- Sérgreinastjórar sjá um verðlaunaafhendingu á mótinu, skipuleggja hana samkvæmt leiðbeiningum frá UMFÍ og framkvæma.
- Sérgreinastjórar þurfa að kynna sér reglugerð mótsins.
- Sérgreinastjórar taka sama greinargerð um mótið að því loknu og senda á framkvæmdastjóra.



(Viðauki IV)

Starfsmenn mótsins og hlutverk

Þrír starfsmenn á vegum UMFÍ starfa við mótið. Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri og umsjónamaður skráningarkerfisins. Laun allra þessara aðila eru greidd af UMFÍ. Framkvæmdastjóri er starfandi allt árið en ráðningartími verkefnastjóra og umsjónarmanns skráningarkerfisins er allt annar.

Framkvæmdastjóri:

Hlutverk:

- Halda utan um allan undirbúning og framkvæmd mótsins.
- Stýrir starfi unglíngalandsmótsnefndarinnar ásamt formanni hennar.
- Upplýsa alla hlutaðeigandi um hvernig staðið er að undirbúningi og framkvæmd mótsins.
- Upplýsa nefndarfólk, sérgreinastjóra og aðra hlutaðeigandi um verkaskiptingu og hlutverk þeirra í undirbúningi og við framkvæmd mótsins.
- Koma vinnu allra hlutaðeigandi af stað vegna undirbúnings mótsins.
- Leggja fram ásamt gjaldkera fyrstu drög að fjárhagsáætlun mótsins og fylgja henni eftir.
- Vinna með öllum nefndarmönnum og upplýsa þá og leiðbeina eftir því sem þörf er.
- Fylgja eftir vinnu sérgreinastjóra.
- Sjá til að gámar í eigu UMFÍ komi á mótssvæðið tímanlega og sé skilað að loknu móti.
- Halda utan um eigur UMFÍ sem í gámunum eru.
- Sjá til að kynninga- og auglýsingamál vegna mótsins séu í réttum farvegi.

Verkefnastjóri:

Hlutverk:

- Kemur að öllum undirbúningi og framkvæmd mótsins samkv. nánari skilgreiningu
- Fylgist með skráningarkerfinu og leiðbeinir eftir því sem kostur er.
- Fylgist með vinnu nefndarfólks og aðstoðar eftir því sem kostur er.
- Fylgist með vinnu sérgreinastjóra og aðstoðar eftir því sem kostur er.
- Fylgist með fjármögnun mótsins og leggur sitt að mörkum við hana.

Umsjón skráningakerfis:

Hlutverk:

- Setur upp skráningarkerfið þannig að það sé tilbúið til notkunar á tilsettum tíma.
- Fylgist með skráningu þátttakenda og leiðbeinir eftir því sem kostur er.
- Heldur utan um greiðsluferfið og sér til að allar tölur þar stemmi að móti loknu.
- Kemur að skipulagningu á móttöku/greiðslu keppenda í stjórnstöð mótsins.
- Skráir og heldur utan um öll úrslit.
- Býr til tölfraði að loknu móti um þátttöku, kynjaskiptingu, aldursdreifingu o.fl.